

Ár 2014, miðvikudaginn 23. júlí kom stjórn SSNV saman til fundar kl. 10:00 að Höfðabraut 6 á Hvammstanga.

**Mætt til fundar:** Bjarni Jónsson, Þóra Sverrisdóttir, Ágúst Þór Bragason, Leó Örn Þorleifsson, Hanna Þrúður Þórðardóttir og Katrín María Andrésdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

**Dagskrá:**

1. Viðtöl við umsækjendur um störf framkvæmdastjóra
2. Fundargerðir síðustu funda
3. Ársreikningar SSNV, SSNV atvinnuþróunar, Vaxtarsamnings Norðurlands vestra og Menningarsamnings Norðurlands vestra 2013
4. Erindi frá Blönduósbæ, dags. 15. júlí móttekið 17. júlí 2014.
5. Önnur mál

**Afgreiðslur:**

1. Rætt við umsækjendur um stöðu framkvæmdastjóra SSNV. Framkvæmdastjóri sat ekki fundinn undir þessum lið.
2. Fundargerðir stjórna 28. apríl 2014 og 16. júní 2014 staðfestar.
3. Lagðir fram ársreikningar SSNV, SSNV atvinnuþróunar, Vaxtarsamnings Norðurlands vestra og Menningarsamnings Norðurlands vestra fyrir árið 2013. Tekið hefur verið tillit til athugasemda og gerðar ítarlegir sundurliðanir í skýringum í samræmi við ábendingar sem fram komu á síðasta fundi. Stjórn SSNV staðfestir ársreikninga með undirritun sinni.
4. Fyrir fundinum liggur erindi frá Blönduósbæ, dags. 15. júlí 2014, móttekið 17. júlí 2014, undirritað af Arnari Þór Sævarssyni, bæjarstjóra. Framkvæmdastjóra falið að taka saman drög að svari í takt við umræður á fundinum.
5. Önnur mál. Engin.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 13:50.